

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 967/2008

2017/EES/24/06

frá 29. september 2008

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara (\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007<sup>(1)</sup> voru innleiddar reglur um lögboðnar upplýsingar sem nota skal fyrir lífrænar vörur, sem frá 1. janúar 2009 fela í sér notkun kennimerkis Bandalagsins á forpökkuð matvæli, í samræmi við b-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Fram hefur komið að hægt sé að rugla núverandi kennimerki Bandalagsins, skv. V. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum<sup>(2)</sup>, saman við önnur gildandi kennimerki fyrir verndaðar, landfræðilegar merkingar og verndaðar upprunatáknar, samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1898/2006 frá 14. desember 2006 um nákvæmar reglur um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 510/2006 um vernd landfræðilegra merkinga og upprunatákna fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli<sup>(3)</sup>, og saman við kennimerkið fyrir hefðbundnar afurðir eða matvæli sem

viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni, eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1216/2007 frá 18. október 2007 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 509/2006 um landbúnaðarafurðir og matvæli sem hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni<sup>(4)</sup>.

- 3) Það er mikilvægt, með tilliti til skilnings neytenda, að tryggja upplýsandi merkingar með greinilegu og aðlaðandi kennimerki Bandalagsins, sem tákna lífræna framleiðslu og auðkennir vörurnar með greinilegum hætti. Það tekur tiltekinn tíma að útfæra slíkt kennimerki Bandalagsins og að kynna það almenningi.
- 4) Til að forðast óþarfa fjárhagslegar og skipulagslegar byrðar fyrir rekstraraðila skal fresta lögboðinni notkun kennimerkis Bandalagsins um þann tíma sem þarf til að útfæra nýtt kennimerki Bandalagsins. Þessi ákvörðun kemur ekki í veg fyrir að rekstraraðilar noti, að eigin frumkvæði, núverandi kennimerki sem skilgreint er í V. viðauka reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 834/2007 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007:

„Þó skulu ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. 24. gr. gilda frá og með 1. janúar 2010.“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 264, 3.10.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 369, 23.12.2006, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 275, 19.10.2007, bls. 3.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2008.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. BARNIER

*forseti.*

---